



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2025
USK25030005

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 „Laugardalur - breytt landnotkun - skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg“ lögð fyrir borgarráð til afgreiðslu, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað eftir að borgarráð Reykjavíkur samþykki að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, „Laugardalur – breytt landnotkun, skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg“, sem snýr að breytingu á landnotkun íþróttasvæðis (Íþ1) í samfélagsþjónustu (S62), sbr. 3. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Greinargerð

Tilgangur breytingar á gildandi aðalskipulagi er að skapa skilyrði fyrir skjótri uppbyggingu skólastofnana til að mæta brýnni þörf sem nú er til staðar á viðkomandi svæði.

Aðalskipulagstillagan er efnislega eins og þegar hún var samþykkt af borgarráði þann 13. mars sl. en fram eru lagðar viðbótar umsagnir sem bárust á kynningartíma. Þar sem kynningartími aðalskipulagstillögunnar var framlengdur er tillagan lögð að nýju fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) eru boðaðar breytingar á skilgreiningu nýs svæðis fyrir samfélagsþjónustu í Laugardal við Reykjaveg, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Landnotkun á hinu umrædda svæði er skilgreind sem íþróttasvæði (Íþ1) í AR2040. Svæðið hefur verið nýtt fyrir bílastæði sem þjóna þjóðarleikvanginum. Tilgangur breytingarinnar er að skapa skilyrði fyrir skjóta uppbyggingu skólastofnana á umræddu svæði, til að mæta brýnni þörf sem nú er til staðar í nálægum skólahverfum. Þar sem um grunnskóla er að ræða er það metið svo að breyta þurfi aðalskipulagi.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 13. mars sl. að lýsing skipulagsgerðar og aðalskipulagstillaga á vinnslustigi yrði kynnt íbúum, sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga, svæðisskipulagsnefnd og öðrum sveitarfélögum sem kynnu að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Frumdrög að aðalskipulagstillögunni voru unnin í samvinnu við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Umrædd gögn voru auglýst í fjölmiðlum og til kynningar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar í rúmar 5 vikur eða frá 20. mars til 10. apríl sl. og 13. til 24. júní sl. Alls bárust 11 athugasemdir frá opinberum umsagnar- og hagaðilum (sjá viðauka 1 og umfjöllun í 6.kafli).



Reykjavík



Í endurbætttri tillögu sem hér er lögð fram, í ljósi ofangreindra forsendna og m.t.t. gildandi meginmarkmiða aðalskipulags, er lagt til að ekki verði gerðar verulegar breytingar frá því sem sett var fram í drögunum. Breytingin er ekki umfangsmikil, takmarkast við umrætt svæði og miðað er við að hún sé tímabundin, sbr. einnig gildandi deiliskipulag á svæðinu. Breytingin nær skilgreiningar landnotkunar á þéttbýlisuppdrætti og samhljóða skilgreiningu í greinargerð aðalskipulagsins. Áður en formleg 6 vikna auglýsing tillögunnar hefst (sbr. 31. gr. skipulagslaga), verður hún tekin til athugunar af Skipulagsstofnun.

Afgreiðsla í umhverfis- og skipulagsráði og bókanir

A. Fundur umhverfis – og skipulagsráðs þann 5. mars 2025

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags 5. mars 2025, var lýsing aðalskipulagsgerðar og drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) „Laugardalur, breytt landnotkun - skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg“ lögð fram.

Var samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokki fólksins að kynna lýsingu og aðalskipulagstillögu á vinnslustigi í samræmi við 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skal leita umsagna um lýsinguna og aðalskipulagstillöguna hjá Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Minjastofnun, Borgarsögusafni, Íbúasamtökum Laugardals og kynna tillöguna fyrir almenningi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins. Var málinu vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokk fólksins og áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Það er fagnaðarefni að hér sé verið að koma fyrir skólahúsnæði í Laugardal sem getur tekið við skólastarfi á meðan ráðist er í meiriháttarviðhald í skólum svæðisins. Brýnt er að umferðaröryggisaðstæður verði rýndar samhliða og öryggi gangandi og hjólandi tryggt á leið til og frá svæðinu inn í íbúðarhverfin sem verið er að þjónusta. Sömuleiðis að haft sé samráð við foreldra barna í skólunum um útfærslurnar.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Ljóst er að enn frekari fækkun bílastæða við Laugardalsvöll getur leitt til þess að vallargestir og hallargestir leggi bifreiðum sínum í ríkari mæli en þegar er raunin í nálægu íbúahverfi. Ekki er ljóst hvernig aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að Laugardalsvelli verður tryggt miðað við fyrirbyggjandi tillögu. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að leitað verði eftir umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks í Reykjavík um málið. Nefndin er enn



Reykjavík



starfandi þótt nýr meirihluti Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks Fólksins og Vinstri grænna hafi látið það verða sitt fyrsta verk að leggja til að nefndin yrði lögð niður.“

B. Fundur umhverfis – og skipulagsráðs þann 30. apríl 2025

Á fundi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. apríl 2025, var samþykkt að auglýsa aðalskipulagstillöguna í samræmi við 3. mgr. 30. gr., sbr. 31 gr., sbr. 1 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins. Var málinu vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Ráðast þarf í viðgerðir og endurbætur á grunnskólunum í Laugardal: Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla. Vel ætti að vera unnt að ráðast í þær framkvæmdir í umræddum skólum án svo mikillar röskunar á skólastarfi, sem fyrirbyggjandi tillaga felur í sér, t.d. með notkun færanlegra skólastofa. Var sá kostur talinn vera vel raunhæfur árið 2022 þegar samkomulag náðist milli borgarinnar og foreldrafélaga skólanna um lausn á húsnæðisvanda þeirra samkvæmt svonefndri sviðsmynd 1. Nú hefur meirihluti borgarstjórnar hins vegar rofið það samkomulag og hyggst fara aðra leið, sem mætt hefur mikilli andstöðu meðal foreldra og annarra íbúa í Laugardal. Ljóst er að enn frekari fækkun bílastæða við Laugardalsvöll getur leitt til þess að vallargestir og hallargestir leggi bifreiðum sínum í ríkari mæli en þegar er raunin í nálægu íbúahverfi. Þá er ekki ljóst hvernig aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að Laugardalsvelli verður tryggt miðað við fyrirbyggjandi tillögu.“

Þar sem kynningu er lokið, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, er nú óskað eftir því við borgarráð að tillagan verði lögð fram til afgreiðslu, sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Aðalskipulagstillagan verður síðan send Skipulagsstofnun til athugunar áður en hún verður auglýst í 6 vikur í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, sbr. 2. mál. 3. mgr. 30. gr. laganna.

Auðun Helgason,
deildarstjóri lögfræðideildar
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjal:

Aðalskipulagstillaga – „Laugardalur - breytt landnotkun – skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg“